


Fljótaá 1997

Tumi Tómasson

Hólum, mars 1998

VMST-N/98006



Veiðimálastofnun
Norðurlandsdeild

Hólum í Hjaltadal
551 Sauðárkrókur
Sími: 453 6599
Fax: 453 6694

Fljótaá 1997

Inngangur

Seiðastofnar Fljótaár voru kannaðri með rafveiðum 4. ágúst 1997. Svipaðar athuganir voru gerðar á árunum 1983, 1986, 1989, 1990 og á hverju ári frá og með árinu 1993. Í mars 1994 var Stífluvatn tæmt og opnuð botnloka í stíflu Skeiðsfossvirkjunar. Við það barst mikill aur niður ána og lífríki hennar beið mikinn hnekki, sem lagt var mat á út frá samanburði við mælingar fyrri tíma.

Árlega hefur verið fylgst með ástandi lífríkisins síðan. Ástandið hefur farið heldur batnandi, en þó hefur batinn orðið hægari en upphaflega var gert ráð fyrir. Í miklum vatnavöxtum sumarið 1995 var botnlokan opnuð á ný til að minnka yfirfall og verja stífluna. Möl sem sest hafði til í gílinu við opnun lokunnar í mars 1994 skreið þá niður ána og settist til víða í farveginum. Mikið skrið lausra botnefna sumurin 1995 og 1996 hægði mjög á bata, sem þó var orðinn nokkuð greinilegur síðla sumars 1996.

Nýliðun laxaseiða hefur verið mjög misjöfn um ána síðan 1994 og frá sumrinu 1995 hefur smáseiðum af stofni árinna verið sleppt í ána eftir því sem niðurstöður athugana hafa gefið tilefni til. Í rafveiðunum 1996 voru lang flest laxaseiði í Fljótaá af sleppiuppruna.

Sumarið 1996 varð vart við nýja tegund kísilþörungs í ánni, s.k. flóka. Þessi þörungur lýsir sér sem hvít- eða brúnleit skán sem nær oft mikilli þekju á botni þar sem straumur er góður. Ekki er vitað hvaða áhrif þessi þörungur hefur á framleiðslu botndýra eða skjól og fæðuöflun laxaseiða.

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir ástandi seiðastofna árinna sumarið 1997, veiðinni á vatnasvæðinu og laxræktaraðgerðum.

Veiðin 1997

Samkvæmt skráningu í veiðibók veiddust á stöng í Fljótaá 119 laxar og 1648 bleikjur (Tafla 1). Laxveiðin var dræm framan af, en batnaði þegar á leið. Þegar lax var tekinn í klak um haustið virtist vera töluvert af honum í ánni, og mun meira en þrjú árin þar á undan.

Tafla 1. Veiðin í Fljótaá síðustu fjögur sumur samkvæmt skráningu í veiðibækur.

Ár	Laxveiði			Bleikjuveiði
	smálax	stórlax	samtals	
1997	76	43	119	1648
1996	44	29	73	6931
1995	67	33	100	6500
1994	51	27	78	7071

Skráð bleikjuveiði var mun minni í Fljótaá sumarið 1997 en árin á undan (Tafla 2), en á móti kemur að skráð meðalþyngd óx töluvert á milli ára. Þótt rétt sé að taka skráningu á bleikjuveiði með nokkurri varúð, er líklegt að færri bleikjur hafi veiðst í Fljótaá sumarið 1997 og að bleikjan hafi jafnframt verið vænni en árin þar á undan, þegar mikið af smábleikju ofan úr Stífluvatni var í ánni.

Veiðin í Miklavatni var nokkru minni sumarið 1997 en árin þar á undan, einkum laxveiðin (Tafla 2). Hreistursýni bárust af sex löxum frá aðilum sem ekki skiluðu öðrum veiðiskýrslum. Því er alls vitað um 60 veidda laxa, þar af voru 18 stórlaxar og 42 smálaxar. Minnkandi bleikjuveiði skýrist hins vegar fyrst og fremst af minnkandi sókn, enda er meðalafli í lögn svipaður því sem var sumurin 1994 og 1995.

Tafla 2. Veiði og veiðiálag í netaveiðinni í Miklavatni sumurin 1994-1997*.

Ár	Heildarveiði			Fjöldi lagna	Veiði í lögn		
	lax	urriði	bleikja		lax	urriði	bleikja
1997	54	1	2871	375	0.14	-	7.7
1996	112	0	4334	460	0.24	-	9.4
1995	115	1	3349	423	0.27	-	7.9
1994	137	5	3660	485	0.28	-	7.5

* Upplýsingar vantar um veiði frá Vík öll árin, frá Efra Haganesi í árin 1994 og 1997 og frá Brautarholti 1997.

Á undanförunum árum hefur verið sleppt töluverðu magni gönguseiða í Fljótaá. Áhersla hefur verið lögð á að kanna árangur sleppinganna með merkingum og með greiningu hreistursýna. Sumarið 1995 var sleppt 11845 gönguseiðum, sem öll voru ómerkt og sumarið 1996 var sleppt 7100 gönguseiðum, þar af voru 4050 örmerkt. Einungis var skilað inn tveimur trjónum af merktum smálaxi veiddum í Fljótaá og eitt örmerki kom fram í Miðfjarðará. Tveir voru úr sleppingu á neðri sleppistað, við Bjarnargil, og einn úr sleppingu í sleppitjörn sem er neðst í Vesturkvíslinni. Að auki voru teknar trjónur af tveimur veiðiuggaklipptum löxum sem veiddust í Miklavatni, en ekki er enn búið að greina þau merki. Miðað við merkjaskil eru heimtur því mjög litlar, en greining hreistursýna segir aðra sögu.

Alls bárust 39 hreistursýni af löxum sem veiddust á vatnasvæðinu sumarið 1997. Þar af voru aðeins þrjú af löxum veiddum í Fljótaá og afgangurinn af löxum sem teknir voru í netaveiðinni í Miklavatni. Reynslan hefur sýnt að hlutföll laxa eftir uppruna er nokkuð svipuð í vatnaveiðinni og í ánni. Niðurstöður aldursgreiningar hreistursýna eru teknar saman í Töflu 3. Þar kemur í ljós að 56 % smálaxa má rekja til gönguseiðasleppinga 1996 og 86 % stórlaxa til gönguseiðasleppinga árið 1995. Sleppingar gönguseiða árin 1995 og 1996 gáfu því af sér 52 stórlaxa og 66 smálaxa í veiðunum 1997. Í veiðunum 1996 var áætlað að 83 smálaxar hefðu skilað sér úr sleppingunum 1995. Heildarheimtur úr þeim sleppingum eru því áætlaðar 1.1 % í veiði. Úr sleppingum 7100 seiða 1996 er áætlað að 66 smálaxar hafi veiðist sumarið 1997, eða rúm 0.9 %. Það er því útlit fyrir að sleppingarnar 1996 muni skila betri árangri en sleppingarnar 1995.

Þótt 1-2 % heimtur úr gönguseiðasleppingum kunni að þykja fremur rýrar, þá eru slíkar heimtur vel innan þeirra marka sem búast má við nú hin síðari ár, en segja má að heimtur jafnt náttúrulegra seiða sem eldisseiða hefi verið mjög rýrar síðastliðinn áratug. Þrátt fyrir að heimturnar séu ekki meiri en raun ber vitni er uppstaðan í veiðinni s.l. ár úr gönguseiðasleppingum. Sumarið 1997 var sleppt alls 6200 gönguseiðum í Fljótaá og var hluti þeirra örmerktur. Brýnt er að veiðimenn hafi vakandi auga fyrir því hvort þeir laxar sem þeir veiða eru merktir og séu jafnframt iðnir við að taka hreistursýni til greiningar.

Tafla 3. Aldursgreining hreistursýna af laxi veiddum í Miklavatni og Fljótaá sumarið 1997.

Aldur gönguseiða	Smálax		Stórlax	
	fjöldi	%	fjöldi	%
1 árs (úr eldi)	14	56	12	86
3 ára	6	24	1	7
4 ára	5	20	1	7
Samtals	25	100	14	100

Ástand seiðastofna

Seiðastofnar Fljótaár voru kannaðir með rafveiðum 4. ágúst. Alls var rafveitt á fimm stöðum og voru sömu eða svipaðir staðir valdir til rafveiða og á undanförunum árum. Þó var ekki veitt fyrir framan efri rafstöðina, enda var áin nær þur á þeim kafla. Að öðru leyti virtist ástandið almennt gott. Lítið bar á flóka í ánni og bitmý og annað lágdýralíf virtist standa í miklum blóma.

Helstu niðurstöður rafveiðanna eru teknar saman í Töflu 4 og á Myndum 1 og 2. Seiðin voru allstaðar mjög væn og falleg, nema helst á stað skammt fyrir ofan neðri rafstöðina, þar sem þéttleiki náttúrulegra 1+ seiða var mjög mikill. Á öðrum stöðum bar mest á seiðum úr sleppingum 1996. Vart varð seiða úr smáseiðasleppingunni 1995, en sá árgangur hefur þó að mestu leyti náð sjóþroska og gengið úr ánni sumarið 1997.

Vorgömul seiði, úr hrygningu 1996, fundust á tveimur efstu stöðunum í aðalárfarveginum, en mjög lítið var um seiði á tveimur neðstu stöðunum. Því var ákveðið að sleppa sumaröldum seiðum neðan til í ána. Þann 18. ágúst var sleppt 3000 seiðum. Byrjað var að sleppa um 300 m fyrir neðan neðri rafstöðina og sleppt niður fyrir Bjarnargil, þar sem brotakaflinn endar. Seiðin voru mjög misstór, frá 4.5 cm og upp í 9 cm (Mynd 3).

Tafla 4. Þéttleiki veiddra seiða í rafveiðum í Fljótaá 4. ágúst 1997 eftir tegund og aldri.

Staður	Stærð (m ²)	Fjöldi veiddra seiða á hverja 100 m ²						
		lax				bleikja		
		0+n	1+n	1+ss/2+	2+ss	0+	1+	2+
Bakkavað	40x7	0.3	-	6.1	0.7	10.7	2.1	-
Vesturkvísl	45x3	-	0.7	8.9	-	-	4.4	5.9
Neðri virkjun	25x7	3.4	38.9	1.7	0.6	4.0	6.3	-
Molastaðir	30x12	-	1.7	0.8	0.3	5.0	6.4	-
Bjarnargil	30x6	-	0.5	-	-	15.0	4.4	-

Umræða og ályktanir


Miðað við laxveiðina á Norðurlandi sumarið 1997 má segja að 119 laxa veiði í Fljótaá sé vel ásættanleg, en það er um 70 % af meðalveiði áranna 1974-1994, en á því árabili veiddust að meðaltali 176 laxar. Þegar lítið er til uppruna laxanna kemur hins vegar í ljós að hann er að mestu í gönguseiðasleppingum. Þetta er reyndar í samræmi við það sem gert hafði verið ráð fyrir eftir þá miklu röskun sem varð í Fljótaá snemma árs 1994. Næsta ár má búast við að enn hærri hlutfall veiðinnar verði úr sleppingum því stærsti hluti þeirra gönguseiða sem áin framleiddi sumarið 1997 má rekja til smáseiðasleppinga sumarið 1995, auk þess sem áfram var sleppt töluverðu af gönguseiðum.

Náttúruleg seiði var nú fyrst og fremst að finna í efri hluta árinna, en þar hefur nýliðun einmitt misfarist á undanförunum árum. Svo virðist sem lausamöl hafi að mestu leysti hreinsast úr efri hluta árinna, en valdið mestum usla í neðri hluta hennar 1996-97, á sama tíma og ástandið batnaði ofar í ánni.


Gera má ráð fyrir að þau seiði sem voru árgömul sumarið 1997 og sem svo mikið fannst af við neðri rafstöðina í rafveiðunum 1997, munu sækja fram ána og ná að nýta uppeldisskilyrði efri hlutans vel. Þau dreifast hins vegar lítið undan straumi og því var sleppt smáseiðum á neðri hluta árinna sumarið 1997, enda ekki annað að sjá en að skilyrði fyrir seiði væru orðin góð á þessum kafla. Væntanlega fer náttúruleg nýliðun að komast í lag í allri ánni úr þessu, þ.e. ef ekki verða frekari áföll af völdum manna eða náttúrunnar. Nauðsynlegt er þó að halda áfram að fylgjast með útbreiðslu, þéttleika og vexti seiða þar til meiri stöðugleiki hefur náðst í nýliðun.

Mikilvægt er fyrir veiðifélagið og aðra hagsmunaaðila að geta metið áhrif mismunandi fiskræktaraðgerða. Því er það mjög bagalegt að ekki skuli vera betur fylgst með endurheimtum merktra laxa en raun ber vitni og hve illa gengur að safna hreistursýnum af veiddum laxi. Á þessu þarf að verða róttæk breyting. Því betri sem þær upplýsingar eru sem unnið er úr, því markvissara getur ræktunarstarfið orðið.


Þótt bleikjuveiðin hafi líklega orðið töluvert minni árið 1997 en sumurin þar á undan, er líklegt að tölurnar endurspegli ekki síður lakari skráningu stangveiðinnar s.l. sumar, enda var afli bleikju í netaveiðinni í Miklavatni mjög áþekkur á sóknareiningu og hann var á árunum 1994-95. Bleikjan er mjög eftirsóttur stangveiðifiskur og í henni liggja mikil verðmæti, sem sést ekki síst á því hve leigutekjur af ánni ukust mikið árið 1997, eftir að skráning bleikjuveiðinnar hafði verið góð í þrjú ár. Brýnt er að skráning endurspegli raunverulega veiði. Þegar til lengri tíma er litið er það ekki síður hagsmunamál þeirra sem veiðina stunda heldur en þeirra sem veiðiréttinn eiga að skráning veiði endurspegli sem best ástand fiskistofnanna á hverjum tíma.



Mynd 1. Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Fljótaá 4. ágúst 1997.



Mynd 2. Lengdar- og aldursdreifing veiddra bleikjuseiða í Fljótaá 4. ágúst 1997.



Mynd 3. Lengdardreifing laxaseiða úr eldisstöð Hólalax hf. sem sleppt var í Fljótaá 18. ágúst 1997.